

Aukaáðalfundur Félags framhaldsskólakennara

Haldinn í Hvammi á Grand Hotel í Reykjavík, 8. apríl 2016

Guðríður Arnardóttir formaður setti fundinn kl. 9.08 og bauð fundarfólk og sérstaka gesti velkomna. Hún áréttar að kjörnir fulltrúar hafi fundarspjöld og þeir einir hafi málfrelsi og atkvæðarétt.

Guðríður fjallaði um lögmæti fundarins vegna umræðu á netinu. Lögfræðiálit var fengið frá tveimur aðilum, annars vegar Gísla Hall (aðgengilegt á vefslóðinni http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/logfraedialit_um_aukaadalfund.pdf) og hins vegar Herði Guðmundssyni hjá KPMG (aðgengilegt á vefslóðinni http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/Lgfrilegt_lit.pdf). Staðfestu báðir lögfræðingarnir að stjórn gæti boðað til aukaáðalfunda um tiltekin málefni milli hefðbundinna áðalfunda félagsins.

Þá áréttaði Guðríður að fundurinn væri ekki haldinn til höfuðs neinum, heldur til þess að ræða mál sem velkst hefði í félaginu í langan tíma. Á fundinum væri fyrirhugað hópastarf þar sem ræða ætti hvernig vísindasjóðurinn þjónustaði félagsfólk á sem bestan hátt.

1) Kosning starfsmanna fundarins

Formaður lagði fram tillögu um að Sævar Kristinsson, sérfræðingur hjá KPMG, yrði fundarstjóri. Hún lýsti því að það hefði verið niðurstaða stjórnar FF að leita til KPMG um aðstoð til að stýra fundinum til að koma í veg fyrir að fundarstjóri innan félags lenti í erfiðri aðstöðu gagnvart kollegum sínum ef til deilna kæmi á fundinum.

Kjartan Þór Ragnarsson (Kvennaskólanum) kom fram með þá tillögu að Borgar Þór Einarsson, hæstaréttarlögmaður yrði fundarstjóri.

Erla Elín Hansdóttir, formaður Vísindasjóðs, dregur óhæði Sævars í efa þar sem hann starfar hjá KPMG, fyrirtæki sem lagði fram lögfræðiálit um lögmæti fundarins.

Formaður biður fólk um að lyfta spjöldum, þeir sem styðja Sævar fyrst og svo Borgar Þór. Atkvæði fóru þannig:

Sævar 34 atkvæði
Borgar Þór 10 atkvæði

Sævar var því kosinn fundarstjóri. Formaður lagði þá fram tillögu um að Hanna Björg varaformaður yrði varafundarstjóri. Það samþykkt án mótatkvæða.

Sævari Kristinssyni falin fundarstjórn.

Sævar fer yfir lögmæti fundarboðs. Hann var boðaður 19. febrúar, með meira en 6 vikna fyrirvara eins og lög félagsins mæla fyrir um.

Erla Elín gerir athugasemd við það að dagskrá fundarins hafi ekki borist með fundarboði.

Guðríður svarar þeirri athugasemd og dagskrá þurfi að senda út með tveggja vikna fyrirvara.

Sævar sér ekki betur en lögformleg boðun fundarins sé í lagi og umræður snúist frekar um

Kjartan Þór tekur undir það að umræður eigi að snúast

Sævar lítur svo á að lögmæti fundarins sé tryggt.

Formaður lagði fram tillögu um Reyni Þór Eggertsson, Guðlaugu Guðmundsdóttur og Önnu Maríu Gunnarsdóttu sem fundarritara og kallar eftir fleiri tillögum.

Engar fleiri tillögur berast til fundarritara og þau teljast því sjálfvalin.

2) Frá stjórn FF

Guðríður fór yfir það helsta í skýrslu stjórnar (sjá fylgiskjal 1) og kynnti ársreikninga félagsins (sjá fylgiskjal 2).

Sævar tekur við fundarstjórn.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga:

Kristján Viggósson: Af hverju er Karlagatan skráð á 10 milljónir en ekki 30?

GA: Af því að bókvirði er ekki í samræmi við markaðsvirði.

Guðmundur Björgvin: Félagið á ekki að safna fjármunum og það á að hækka framlög til trúnaðarmanna. Og af hverju á félagið enn þá Karlagötuna? Það er búið að ræða þetta á mörgum fundum. Hversu há upphæð af félagsgjöldum okkar félagsfólks verða eftir í KÍ?

GA: U.þ.b. 54% af því fé sem okkar félagsfólk leggur inn í húsið, meðan FG fær 47% af sínu fé.

HBV: Rökin fyrir því að við eigum Karlagötuna eru þau að félagið er landssamtök og því gott ef formaður komi utan af landi.

Guðmundur Björgvin: Gott að fá formann utan af landi en þá ætti fremur að greiða leigustyrk heldur en eiga fasteign.

Baldur J. Baldursson: Ég sakna þess að áhrif vinnumats á störf kennara hafi verið rædd í skýrslu stjórnar.

GA: Góð ábending. Þetta hefur verið rætt í samninganefnd og það er verið að taka þessi gögn saman inni í Verkefnisstjórn um vinnumat, t.d. áhrif á litla skóla, yfirvinnu og fleira. Samninganefnd kemur örar saman en áður og er að setja sér samningsmarkmið, auk þess sem hlustað er eftir því sem kennarar upplifa úti í skólunum.

Gunnar (FG): Ábending á tölu á bls. 4 í skýrslu stjórnar. Hví er samninganefnd tvígreind?

GA: Það eru tveir bókhaldslyklar, annars vegar samninganefnd um allt, hins vegar um vinnumatsmál.

Guðmundur Björgvin: Á fyrri hluta 2015 átti að eiga sér stað endurskoðun á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Hversu mikið er að marka samninga sem viðsemjendur okkar skrifa undir?

GA: Sammála.

3) Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

Erla Elín Hansdóttir flytur skýrslu stjórnar Vísindasjóðs FF og FS (sjá fylgiskjal 3).

Erla kynnti nýjan vef Vísindasjóðs sem er nýkominn út. Aðgangsorð félagsmanna er "Hrafnhildur".

Erla Elín sýndi glæru með bókun 1 úr kjarasamningi FF og SNR frá 2013 um svo kallaðan 0,1% sjóð. Erla kallar eftir reglum um úthlutun úr sjóðnum. Sagðist vita dæmi um að fulltrúar í skólum hefðu árangurslaust leitað upplýsinga hjá FF og KÍ. Dæmi ekki tíunduð.

Erla afhenti Guðríði samning um aðstöðukostnað Vísindasjóðs.

Guðlaugur Guðmundsson, endurskoðandi sjóðsins, fór yfir uppkast að ársreikningum 2015 (Sjá fylgiskjal 4, líka aðgengilegt á vef Vísindasjóðs).

Umræður um skýrslu Vísindasjóðs.

Til máls tóku:

Pétur Arason, Gisli Þór Sigurpórsson, Hrönn Harðardóttir, Sigurður Þór Þorsteinsson, Guðjón H. Hauksson

Spurt var um m.a. lögfræðikostnað, hvað teldist hópur í umsóknum, aksturskostnað sjóðsins. Fulltrúar stjórnar svöruðu fyrirspurnum jafn óðum.

Í umræðum kom fram m.a. að lögfræðikostnaður sjóðsins var 8,8 milljónir kr. frá 2010.

4) Greinargerð stjórnar FF vegna erindis til stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

Guðríður Arnardóttir fékk orðið. Hún gerði athugasemd við túlkun Erlu Elínar á bókun 1 úr kjarasamningi um 0,1% -sjóðinn. Hún sagði að þessi sjóður væri ekki endurmenntunarsjóður heldur væri hlutverk hann að styrkja félagshæfni þeirra félasmanna sem starfa að stéttarfélagsmálum.

GA rifjar upp síðasta aðalfund 2014 þar sem hún lýsti yfir stuðningi við páverandi aðalfulltrúa FF í sjóðstjórn. Aðalfundur var ekki sammála og kaus nýja aðalfulltrúa.

KÍ steig röng skref þegar sjóðstjórn krafðist þess 2008 að fá fjárhagslegar upplýsingar sem varða sjóðinn. Þá mætti sjóðstjórn dónaskap og það er ólíðandi eins og margt annað í þessu máli af hálfu KÍ.

GA gagnrýndi það að sjóðstjórn hefði aldrei verið boðið að reifa sín sjónarmið við stjórn KÍ. Það var gert eftir að GA tók sæti í stjórn KÍ, en afþakkað af hálfu sjóðstjórnar.

GA telur að nú eigi öll gögn að liggja fyrir og þá sé nauðsynlegt að taka nýja stefnu í málinu.

Guðríður fer yfir sína sýn á framhaldið. (Sjá fylgiskjal 5).

GA minnir á að við séum félagar í KÍ, FF er ekki aðildarfélag eins og aðildarfélög BHM. Síðasti aðalfundur samþykkti skýrslu stöðunefndar þar sem kom fram að hagsmunum félagsfólks væri best borgið innan KÍ.

GA gerir athugasemdir við það að verklagsreglum hafi verið breytt án þess að þær væru bornar undir stjórn FF, eins og segir í lögum FF, sem eru æðri en verklagsreglur vísindasjóðs.

GA fjallar um kveðjuhóf sem haldið var vorið 2008. Það var allt of dýrt og settar hafa verið skýrar reglur um það hvernig standa skuli að veisluhöldum í Kennarahúsinu.

Viðvarandi málarekstur hefur verið síðan 2011. Innsetningarmál 2013 tapaðist. Enn er tekist á um hvaða gögnum er búið að skila. Okkur í stjórn FF fannst ákveðin vatnaskil verða þegar stjórn KÍ var kærð til lögreglu. Hún gagnrýnir að á sameiginlegum fundi þriggja stjórnanna í okt. 2015 hafi ekki komið fram að stjórn KÍ hafi verið kærð í maí sama ár. Lögreglan yfirheyrði fjölda starfsfólks, m.a. formann FF. Því máli hefur verið vísað frá. Engin afbrot hafa átt sér stað. Dómari hefur hvatt til sátta innan félagsins. Það er hennar skoðun að nú sé mál að linni, að sjóðurinn komi aftur inn í Kennarahúsið, og verði vistaður hjá FF, ekki KÍ.

Þess vegna ber stjórn FF málið undir þennan fund, að taka ákvörðun um framhaldið. Hver svo sem hún verður mun stjórn FF hlýta þeim vilja, en minnir á að fólk hafi þjónustu sjóðsins við félagsfólks í huga.

5) Greinargerð stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

(Fylgiskjal 6 - glærur sjóðstjórnar)

Erla Elín biður um heimild fyrir því að Pórey Hilmarsdóttir, starfsmaður Vísindasjóðs, fái málfrelsi til að aðstoða sig við flutning greinargerðar sjóðstjórnar.

Fundarstjóri ber það upp og enginn fundarmanna gerir athugasemd við.

Pórey rekur sögu sína hjá sjóðnum, fyrst sem stjórnarkona 2008-2014 og síðan starfsmaður í kjölfarið 2014.

Tæknilega séð tapaðist innsetningarmálið 2013 en dómurinn staðfesti þó sjálfstæði sjóðsins.

Pórey lítur svo á að vinna starfsmanna í KÍ-húsi við að skila greiðslum fyrir órafrænar greiðslur sé þjónusta við félagsfólk KÍ, en ekki Vísindasjóð.

Pórey gerir athugasemd við það að það sé bara einn BIK-reikningur hjá KÍ en ekki mismunandi fyrir hvern sjóð og hvert félag.

Þá svarar hún gagnrýni GA um að stjórnir FF og FS hefðu ekki verið upplýstar um kærana á októberfundi stjórnanna. Kærana hafi verið lögð inn 12. maí og þar var lögð áhersla á að sjóðstjórn þegði yfir kærinni.

Erla Elín tók til máls:

Rætt um kröfuna um innritunarspjöld, en hún er til að tryggja að fólk keypti ekki dýran farmiða, fengi hann endurgreiddan, en fengi svo endurgreiddan í staðinn fyrir ódýrara fargjald.

EE hefur kynnt sér sögu málsins síðan hún var kjörin í stjórn á aðalfundi 2014, og gerir athugasemd við það hvernig bókhaldi aðildarfélaga KÍ sé blandað saman.

EE fjallar um millifærslur 2011 af reikningi Vísindasjóðs yfir á reikning KÍ og hvernig féð hafi ekki verið millifært aftur fyrr en 10 dögum síðar, óútskýrð hærrí upphæð. Hvar á starfsmaður Vísindasjóðs að færa þessar tekjur? Þess vegna hefur þetta ekki verið fært í ársreikning vegna 2011.

Hún vekur athygli á lögfræðialiti frá Ragnari Hall, lögfræðingi KÍ, sem geymt er á vef Vísindasjóðs, og gagnrýnir Aðalheiði Guðmundsdóttur, fyrrverandi formann FF, fyrir það að dreifa þessu álitu ekki innan KÍ. Ef það hefði verið gert hefði stífnir starfsfólks KÍ vonandi ekki orðið eins mikil og hún varð.

Pórey fær orðið:

Tveir sáttarfundir voru haldnir, sá fyrri með lögmönnum aðila í byrjun júlí 2014, þar sem fram kom hjá Gísla Hall að sjóðurinn ætti öll sín gögn og því lofað að gögnin yrðu afhent. Í framhaldinu fengust rafræn BIK-gögn um framlög allra KÍ-félaga í alla sjóði, en ekki nema hluti órafrænna skjala. Skv. þeim gögnum sem fyrir liggja virðist ósamræmi milli skilagreina og greiðslna í sjóðinn.

Ákveðið var að leggja fram kæru hjá sérstökum saksóknara, greinargerð var skilað og lagði saksóknari áherslu á þagnarskyldu og þess vegna var ekki rætt um þetta á þriggja stjórna fundinum í október.

Spurningar úr sal:

- Ef stjórn Vísindasjóðs þagði yfir kærinni, hvernig komst blaðamaður þá að því?
- Af hverju var stjórn FF ekki látin vita?

Svar EE: Ekki hugmynd hvers vegna blaðamaður vissi þetta. Og stjórn FF var ekki látin vita vegna þess að formaður FF situr í stjórn KÍ.

Matarhlé kl. 12.30.

Erla Elín hélt áfram yfirferð á greinargerð sjóðstjórnar.

Það er rétt að héraðssaksóknari hafi vísað kærinni frá. Þar kemur þó fram að ýmislegt hafi verið að bókhaldi KÍ varðandi vísindasjóð. EE tekur undir með GA að þetta mál þurfi að klárast. Það er fyrirhuguð fyrirtaka á frávísunarmálum sjóðstjórnar og KÍ í þar næstu viku og vonandi klárast málið í kjölfarið.

EE fer yfir reynslu sína af félagsstarfi. Á 58 ára ferli hefur hún aldrei upplifað önnur eins samskipti og af hendi KÍ - ekki stjórn FF - þessi tvö ár síðan hún var kosin í sjóðstjórn.

Hún hvetur til þess að gegnsæi sé viðhaft í öllu bókhaldi KÍ.

6) Umræður um greinargerðir stjórna FF og stjórna Vísindasjóðs

GA: Ítrekar að sárindi eru á báða bógu, líka hjá starfsfólki Kennarahúss. Hún vill leiðrétta að ekki sé til þjónustusamningur við sjúkrasjóð. Þá vill hún slá á þær sögur að aðrir endurmenntunarsjóðir hjá aðildarfélögum KÍ ásælist Vísindasjóð, fjárhagur þessara sjóða er mjög góður.

Það hlýtur að skipta máli að rannsókn lögreglu hafi ekki leitt í ljós að afbrot hafi verið framin. Það kemur fram að mistök hafi verið gerð, en spyr, hversu langt eigi að ganga til að knésetja fólk fyrir mistök.

Þá sýnir hún þjónustusamning KÍ við endurmenntunarsjóð FL, sem er örlítið stærra félag en FF og FS.

Hversu langt á að ganga fjárhagslega til að fá staðfest fyrir dómstólum atriði?

Gísli (MS)

Hann segir engan hafa beðið sig um að bjóða sig fram til setu í sjóðsstjórn. Hann langaði til að leysa þetta mál. Fyrir ári síðan taldi hann rétt að láta lögreglu rannsaka hvort eitthvað glæpsamlegt hafi átt sér stað. Nú er ljóst að svo er ekki, en mistök hafi þó verið gerð. Hann á eftir að sitja í 2 ár í viðbót og vill ekki að það taki þau 2 ár að ljúka þessu máli. Hann kveðst munu leggja til á næsta stjórna fundi að þessu verði lokað sem sakamáli. Hann vill ekki að stjórn fari í einkamál í kjölfarið. Því vill hann að farin verði sáttarleið.

Pjetur Arason

Það er komin niðurstaða frá héraðssaksóknara. Fyrir fundinum liggur tillaga um að FF taki að sér umsýslu með sjóðinum. Honum líst vel á þá tillögu og spyr hvort ekki sé hægt að ganga tryggilega frá því í þjónustusamningi við KÍ að þjónusta við félagsfólk verði bætt og það tryggt hvaða fé sé greitt fyrir umsýsluna.

Hann segist hafa heyrt þá tillögu hér frammi að réttindi hvers félagsmanns yrðu bara greidd í desember hvert ár - væri það ekki ágætis ráð?

Helga Helena

Tekur undir með Gísla.

Guðmundur Björgvin

Margt af því sem tekist er á um hér í ár á rætur í breytingum á lögum KÍ. Á síðasta þingi KÍ, 2014, var gerð atlaða að lýðræðinu þegar komið var á stjórn formanna aðildarfélaga einna, auk þess sem kjörtímabilið var lengt úr 3 í 4 ár. Þetta sýnir hvernig reynt er að færa völd yfir á fárra manna hendur. Vissulega væri jákvætt að sjóðurinn væri í KÍ-húsinu, en sama á hvaða forsendum? Hann var kjörin í stjórn Orlofssjóðs KÍ á síðasta aðalfundi FF og þar er málum háttað þannig að KÍ eitt og sér ákvað hvernig þjónustusamningur væri. Hann spyr hversu margt fundarfólk hafi nýtt sér þjónustu vísindasjóðs og hversu margir hafi lent í vandræmum. Ætti félagið að íhuga enn á ný veru sína í KÍ?

Baldur J. Baldursson

Hann vill lýsa þeirri skoðun að þetta sé tvenns konar mál, annars vegar framtíðarmál sjóðsins og hins vegar fortíðin. Það hljóti að vera hægt að horfa til framtíðar án þess að loka strax á fortíðina. Honum finnst vanta í tillögu stjórnar FF að það sé tryggt að það geti ekki orðið geðþóttaákvörðun stjórnar að færa sjóðinn síðar undir KÍ, heldur þurfi þá til þess samþykkt aðalfundar.

Erla Elín

Sjóðstjórn barst tölvupóstur frá Magnúsi Porkelssyni, skólameistara Flensborgarskóla, sem áður sat í sjóðstjórn, sem formaður. Hún vill biðja fundarstjóra að lesa þetta bréf á eftir. Þá vill hún bæta við athugasemd um það að sjóðstjórn hafi gjarnan viljað fá upplýsingar um niðurstöður þjónustukönnunar Capacent, svo að þjónustan gæti orðið sem best. Sjóðurinn er á skrifstofu fyrirtækis sem alltaf er opið á hefðbundnum skrifstofutíma, þótt skrifstofa sjóðsins sé ekki formlega opin. Þar taki starfsfólk fyrirtækisins við umslögum og þess háttar eftir þörfum. Að auki sé sími sjóðsins áframsendur á síma Erlu Elínar sem hún svarar eftir bestu getu.

Fundarstjóri les bréf Magnúsar Porkelssonar (fylgisskjal 7), þar sem hann lýsir yfir stuðningi við sjóðstjórn og hvetur aukaáðalfundinn til að leiða málið til farsællra lykta.

Soffía Ófeigsdóttir (MK)

Hún telur að hinn almenni kennari úti í skólunum sé ekki eins æstur út af þessu máli, að þetta séu einhvers konar hjaðningavíg milli félaga. Það hlýtur að vera hægt að gera þessi mál upp af skynsemi og sjóðurinn fari inn í KÍ-húsið, það sé best fyrir stéttina. Það þarf að bera klæði á þessi vopn og málið er orðið vandræðalegt.

Erla Elín

Segist vera í sömu stöðu og Soffía þegar hún var á fulltrúafundi 2013 þar sem hún lagði fram tillögu um að ná sáttum fyrir okt. 2013, en það var alltaf eitthvað sem kom í veg fyrir það. Þess vegna bauð hún sig fram til sjóðstjórnar 2014.

Fundarstjóri ber upp eftirfarandi dagskrártillögu frá Baldri J. Baldurssyni:

„Bætt verði við dagskrárlið um að liðnum „Önnur mál“ eftir hópavinnu og tími v. hópavinnu verði stytur um a.m.k. 30 mín. til að skapa rými f. umræðu um önnur mál.“

Dagskrártillagan samþykkt með 22 atkvæðum á móti 10.

7) Hópastarf um málefni Vísindasjóðs

Fundarstjóri kynnir hópastarf eftirmiðdagsins, aðferðin heitir AIR-OPERA. Hann skiptir fólki á 8 borð og vill að fólk svari eftirfarandi spurningu:

Hvernig getur Vísindasjóður þjónustað félagsmenn sína sem allra best á komandi árum?

Fyrst unnið einstaklingslega, svo í pörum og svo á borðinu. Skila fjórum hugmyndum af hverju borði.

Hóparnir kynna niðurstöður sínar. Sjá fylgiskjal 8 - blöð hvers hóps.

Hóparnir velja síðan fjórar bestu tillögurnar að mati hvers hóps.

8) Tillaga stjórnar um sættir

Guðríður fer yfir þrjú bréf til sjóðstjórnar þar sem lögð eru drög að sáttum (6. maí 2015 - sjá hér <http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/Frastjorn.pdf>, 24. sept. 2015 - http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/Brf_fr_stjrn_K_til_VsindasjsFF_og_Fs_gst_2015.pdf og 27. okt - <http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/frastjornII.pdf>).

Í kjölfarið leggur hún eftirfarandi sáttatillögu fyrir fundinn:

Aðalfundarfulltrúar FF taka undir erindi stjórnar Félags framhaldsskólakennara til stjórnar Vísindasjóðs dagsett 27. október 2015 þess efnis að þjónusta við sjóðinn færist til FF. Skuli tímasett áætlun liggja fyrir um flutning hans liggja fyrir á ársfundi félagsins haustið 2016.

Umræður um tillöguna:

Gylfi Þorkelsson (FSU)

Er það skapað til að byggja upp traust að flytja sjóðinn í KÍ-húsið áður en komist verður til botns í málinu? Honum þykir vænlegra til trausts að klára málið, velta við öllum steinum og skýra mál áður en sjóðurinn verður fluttur.

Þórdís Ása:

Við verðum að byrja einhvers staðar. Henni líst vel á tillöguna en hefði viljað hafa síðustu málsgreinina skýrari varðandi sjálfstæði sjóðsins.

Lóa

Henni finnst þurfa nýjan formála að tillögunni, tilboðið sé aftur á móti gott.

Erla Elín

Af hverju má ekki klára málin við þær aðstæður sem sjóðurinn býr við í dag?

Hermann (VMA)

Hann telur að fundurinn eigi að samþykkja þessa tillögu. Ekki sé stefnan að sjóðurinn fari undir KÍ, heldur FF.

Snædís (FG)

Pakkar stjórnnum vísindasjóðs og FF fyrir góð störf og hvetur til sátta.

Elías (VMA)

Honum finnst þetta vera tvö mál: fortíð og framtíð. Ef hann horfir til framtíðar styður hann tillögu stjórnar 100%. Hann trúir ekki öðru en að farið verði eftir því sem talað hefur verið um traust. Þá sé ekkert mál að flytja sjóðinn í KÍ-hús.

GA

Af hverju vill stjórnin að sjóðurinn fari í KÍ-hús. Málaferli hafa staðið frá 2011 og svo var kært til lögreglu, og því máli vísað frá. Upphaflegar kröfur eru langt undir þeim kostnaði sem lagt hefur verið í. FF þarf að ráða starfsmann nú í vor og því skiptir máli að það liggi fyrir hvernig stöðu þess starfsmanns verður háttáð. Ekki sé verið að koma í veg fyrir málarekstur haldi áfram.

Gísli (MS)

Pótt Þórey hafi orðið starfsmaður sjóðsins þá tók hún ekki öll völd af sjóðstjórn þá og það mun auðvitað ekki heldur gerast núna og honum líst vel á að sjóðurinn komi inn í KÍ-húsið.

Valdís (MA)

Ef við samþykkjum þessa ályktun þá erum við að samþykkja ferli þar sem sjóðurinn kæmi í húsið á næstu mánuðum, ekki núna strax. Návígi muni auka líkurnar á sáttum.

Guðjón Ragnar (MR)

Hann telur rétt að FF ráði þjónustufulltrúa í fullt starf í haust. Félagið á nóg af peningum. Hann telur rétt að bíða með að samþykkja þessa tillögu og ræða hana á fulltrúafundinum í haust. Hann telur það líklegra til sáttá. Þetta er þó ekki frávísunartillaga.

Pétur (FSn)

Honum finnst skrytið þegar tveir aðilar deila að annar ætli að ráða til sín starfsmann til að vinna fyrir hinn aðilann.

Helga Helena (stjórn)

Hún vill ítreka að þetta er ekki þessi og hinn aðilinn heldur eigi allir að vinna saman.

Fundarstjóri ber upp tillögu stjórnar FF.

Tillagan samþykkt með 31 atkvæði gegn 13.

9) Önnur mál

a) Baldur J. Baldursson

Hann vill spyrja út í könnun þá sem gerð var meðal félagsfólks á afstöðu til áframhaldandi vinnu við vinnumat. Varaformaður hafi kynnt niðurstöður á almennum félagsfundi í MH í mars, á miðvikudegi, en umsjónarmaður könnunarinnar skrifaði að henni hefði ekki verið lokið fyrr en á föstudegi.

GA: Félagsvísindastofnun sá um könnunina og var henni lokið á miðvikudegi svo að niðurstöður fengust. Félagsmaður í FF hafði síðar samband við stofnunina og kvartaði yfir því að hann hafi ekki getað svarað. Það kom í ljós að tæknileg atriði hefðu getað komið í veg fyrir það og því var ákveðið að framlengja svartímann en það hafði ekki áhrif á niðurstöðurnar.

b) Guðmundur Björgvin

Kjaramál. Hvernig á að vinna að kjaramálum í samstarfi við félagsfólk þegar við erum á fundi hér og erum ekki að ræða kjaramál. Í hans félagsdeild er talsverð óánægja með vinnumatið. Hvernig á að afla upplýsinga meðal félagsfólks og hvernig á að vinna úr þeim upplýsingum?

GA: Er búin að vera að heimsækja félagsdeildirnar í allan vetur og hefur safnað upplýsingum á hverjum stað. Vinnumatið hefur verið eitt aðalatriðið þar. Þá er verið að safna upplýsingum í verkefnisstjórninni eins og fram kom í skýrslu formanns. Þau gögn liggja ekki fyrir en við leggjum ríka áherslu á að fá þau sem fyrst. Fulltrúafundur er fyrirhugaður í ágúst og þá munu þessar

upplýsingar vonandi vera til. Það er ýmislegt sem er erfitt, t.d. verklegt og fagbóklegt, endurtekning í bóknámsskólum. Þá rekur FF mál fyrir samninganefnd ríkisins fyrir félagsdómi, um síðustu málsgrein 7. gr. kjarasamningsins 2014, að menntamálaráðuneytið hafi brotið þessa grein. Miðað við sáttatóninn í samninganefndar ríkisins er FF/FS með sterkt mál í höndunum. Við höfum gert þá kröfu að menntamálaráðuneytið dragi til baka bréfið frá því í haust - fyrr verði ekki samið um þetta kærumál.

c) Baldur J. Baldursson

Stendur ekki til að afla upplýsinga kerfisbundið frá félagsfólki um reynslu sína af vinnumati.

GA: Að sjálfsögðu. Allt sem fram kemur þar er skráð.

Fundarstjóri þakkar fundarfólki fyrir góð störf og felur formanni fundarstjórn.

GA fer yfir praktísk mál. Þakkar fundarriturum og starfsfólki fundarins. Sérstakar þakkir fær fundarstjóri fyrir sitt framlag. Hún þakkar stjórn Vísindasjóðs fyrir heiðvirða og málefnalega umræðu. Framhaldið liggur fyrir. Hún vonar að sjóðstjórn og stjórn FF nái að halda góðan fund á næstunni þar sem drög verða lögð að framhaldinu.

Fundi slitið kl. 15.57

Fundarritarar:

Anna María Gunnarsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir
Reynir Þór Eggertsson

Fylgiskjal 1

Skýrsla stjórnar FF 2015

Aðgengileg á vefslóðinni http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/FF_skyrsla_stjornar_fyrir_arid_2015.pdf

Fylgiskjal 2

Ársreikningar FF 2015, auk endurskoðendaskýrslu

Aðgengileg á vefslóðunum http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/FF_arsreikningur2015.pdf og http://www.ki.is/images/Skrar/FF/Adalfundir/aukaadalfundur2016/FF_endurskodunarskyrsla_2015.pdf.

Fylgiskjal 3

Skýrsla sjóðsstjórnar Vísindasjóðs FF/FS

Aðgengileg á vefslóðinni http://visindasjodur.is/wp-content/uploads/bsk-pdf-manager/2016-04-08_91.pdf

Fylgiskjal 4

Ársreikningar Vísindasjóðs FF/FS

Drög að ársreikningi fyrir 2015 eru aðgengileg á vefslóðinni http://visindasjodur.is/wp-content/uploads/bsk-pdf-manager/ArsreiknVisindasjodur-2015-Draft_94.pdf

Fylgiskjal 5

Sýn Guðríðar og stjórnar FF um framhald mála

<p>Málefni Vísindasjóðs</p>	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Sjóðurinn fór úr Kl húsi 2011• Hýstur að Bitruhálsi• Enginn fastur starfsmaður - enginn opnunartími• Símatími 2x í viku 3 klist í senn	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Í lögum félags framhaldsskólakennara segir:• Ekki unnt að breyta verklagsreglum nema með staðfestingu stjórnar• Endurskoðandi Kl skal fara yfir ársreikninga sjóðsins• Reglum hefur verið breytt m.a. Um:<ul style="list-style-type: none">• Gagnaskil• Reglur um ráðstefnur (verður að vera tveggja daga dagskra)• Og fleira
<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Tekist á um gögn frá árinu 2008• Vinnubrögð gagnrýnd í Kl húsi• Enginn þjónustusamningur• Rísnukostnaður færður á sjóðinn án samþykkis stjórnar• Félagsmenn FG styrktir úr sjóðnum án þess að mótramlag vegna þeirra skili sér í vísindasjóðinn	<p>Málefni Vísindasjóðs í dag</p> <ul style="list-style-type: none">• Samskipti stjórnar Vísindasjóðs og stjórnar FF litil• Illa gengið að fá fundi með sjóðsstjórn• Erindum frá stjórn FF svarað seint eða ekki• Fundargerðir ekki skilað sér í skjalasafn félagsins síðustu misseri• Áritaðir ársreikningar ekki verið lagðir fram fyrir árið 2014• Öskum um samantektir eða gagnabirtingu ekki svarað	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Í starfshópi á vegum fagræðs um símenntun og starfsþróun kennara og skólásthjómenda er unnið að því að skoða hvað TALIS rannsóknin 2013 segir um aðstæður kennara og skólásthjómenda til að stunda símenntun og starfsþróun, þarfr þeirra fyrir þetta og fleira þessu tengt.• Þarfr kennara á leik- og grunnskólastigi voru metnar út frá umsóknum þeirra í Vónarsjóðina• Það var óskað eftir að sambærilegar upplýsingar yrðu teknar saman fyrir félagsmenn í FF - erindi sent 23. september og áttí að taka fyrir í stjórn - ekkert svar barst og skýrslan er komin út án upplýsinga frá framhaldsskólastiginu
<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Formaður FF og stjórn hafa beitt sér fyrir því að ná sáttum í málinu. Stjórn Vísindasjóðs hefur lítrekað verið boðið að koma á fund stjórnar Kl og ræða málið - því verið hafnað• Formaður Kl hefur óskað eftir því að funda með formanni vísindasjóðs og ræða málin - því verið hafnað• Nú þegar hefur sjóðsstjórn fengið öll gögn í málinu m.a. aðgang að BIK reikningum Kennarasambandsins þrátt fyrir að hafa tapað kröfu um að fá þau gögn afhent 18. febrúar 2013	<p>Úrskurðarorð:</p> <p>Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Vísindasjóðs FF og FS um að Héraðsdómur Reykjavíkur kveði á um skyldu gerðarþola, Kennarasambands Íslands, að veita stjóm gerðarbeiðanda aðgang að Bókun- og Imbeintunnið000 gerðarþola, svokölluðu BIK kerfi, þar með talið BIK reikningi gerðarþola, sem er bankareikningur í BYR á kassabók gerðarþola, að því er varðar allar færslur sem stæra fjárfag gerðarbeiðanda allt frá árinu 2008.</p> <p>Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 300.000 krónum í máttkostnað.</p>	<p>Fyrir liggur að í kjölfar kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu þessa afhenti gerðarþoli gerðarbeiðanda bókhaldsgögn þess 7. júní 2011. Þá liggur fyrir að í tölur 2012 HSK gerðarbeiðandi gagnagrunn sjóðsins afhenta.</p> <p>Gerðarbeiðandi kallar því fram að kandi hafi í lit að sem hafi gerðarþoli ekki hafi á 01 þess gögn sem eru meðhöndling til að skilvæmli gest stent þessu stent og vott styki til félagsmanna gerðarbeiðanda.</p>
<p>Málefni Vísindasjóðs</p>	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Sjóðurinn fór úr Kl húsi 2011• Hýstur að Bitruhálsi• Enginn fastur starfsmaður - enginn opnunartími• Símatími 2x í viku 3 klist í senn	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Í lögum félags framhaldsskólakennara segir:• Ekki unnt að breyta verklagsreglum nema með staðfestingu stjórnar• Endurskoðandi Kl skal fara yfir ársreikninga sjóðsins• Reglum hefur verið breytt m.a. Um:<ul style="list-style-type: none">• Gagnaskil• Reglur um ráðstefnur (verður að vera tveggja daga dagskra)• Og fleira
<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Tekist á um gögn frá árinu 2008• Vinnubrögð gagnrýnd í Kl húsi• Enginn þjónustusamningur• Rísnukostnaður færður á sjóðinn án samþykkis stjórnar• Félagsmenn FG styrktir úr sjóðnum án þess að mótramlag vegna þeirra skili sér í vísindasjóðinn	<p>Málefni Vísindasjóðs í dag</p> <ul style="list-style-type: none">• Samskipti stjórnar Vísindasjóðs og stjórnar FF litil• Illa gengið að fá fundi með sjóðsstjórn• Erindum frá stjórn FF svarað seint eða ekki• Fundargerðir ekki skilað sér í skjalasafn félagsins síðustu misseri• Áritaðir ársreikningar ekki verið lagðir fram fyrir árið 2014• Öskum um samantektir eða gagnabirtingu ekki svarað	<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Í starfshópi á vegum fagræðs um símenntun og starfsþróun kennara og skólásthjómenda er unnið að því að skoða hvað TALIS rannsóknin 2013 segir um aðstæður kennara og skólásthjómenda til að stunda símenntun og starfsþróun, þarfr þeirra fyrir þetta og fleira þessu tengt.• Þarfr kennara á leik- og grunnskólastigi voru metnar út frá umsóknum þeirra í Vónarsjóðina• Það var óskað eftir að sambærilegar upplýsingar yrðu teknar saman fyrir félagsmenn í FF - erindi sent 23. september og áttí að taka fyrir í stjórn - ekkert svar barst og skýrslan er komin út án upplýsinga frá framhaldsskólastiginu
<p>Málefni Vísindasjóðs</p> <ul style="list-style-type: none">• Formaður FF og stjórn hafa beitt sér fyrir því að ná sáttum í málinu. Stjórn Vísindasjóðs hefur lítrekað verið boðið að koma á fund stjórnar Kl og ræða málið - því verið hafnað• Formaður Kl hefur óskað eftir því að funda með formanni vísindasjóðs og ræða málin - því verið hafnað• Nú þegar hefur sjóðsstjórn fengið öll gögn í málinu m.a. aðgang að BIK reikningum Kennarasambandsins þrátt fyrir að hafa tapað kröfu um að fá þau gögn afhent 18. febrúar 2013	<p>Úrskurðarorð:</p> <p>Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Vísindasjóðs FF og FS um að Héraðsdómur Reykjavíkur kveði á um skyldu gerðarþola, Kennarasambands Íslands, að veita stjóm gerðarbeiðanda aðgang að Bókun- og Imbeintunnið000 gerðarþola, svokölluðu BIK kerfi, þar með talið BIK reikningi gerðarþola, sem er bankareikningur í BYR á kassabók gerðarþola, að því er varðar allar færslur sem stæra fjárfag gerðarbeiðanda allt frá árinu 2008.</p> <p>Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 300.000 krónum í máttkostnað.</p>	<p>Fyrir liggur að í kjölfar kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu þessa afhenti gerðarþoli gerðarbeiðanda bókhaldsgögn þess 7. júní 2011. Þá liggur fyrir að í tölur 2012 HSK gerðarbeiðandi gagnagrunn sjóðsins afhenta.</p> <p>Gerðarbeiðandi kallar því fram að kandi hafi í lit að sem hafi gerðarþoli ekki hafi á 01 þess gögn sem eru meðhöndling til að skilvæmli gest stent þessu stent og vott styki til félagsmanna gerðarbeiðanda.</p>

Fylgiskjal 6

Glærur frá sjóðstjórn

Verða settar hér þegar þær hafa borist ritara FF.

Fylgiskjal 7

Magnús Porkelsson
Drekavöllum 18
221 Hafnarfjörður

Reykjalundi sjötta apríl 2016

Til stjórnar Vísindasjóðs FS/FF

Vegna aukaaðalfundar FF föstudaginn 8. apríl 2016.

ÉG vil þakka gott boð um að sitja aukaaðalfund FF. Ég er í veikindaleyfi og er á Reykjalundi og hef fengið skýr fyrirmæli um að ég fái ekki bæjarleyfi þennan morgun.

Ég vil hins vegar lýsa fullu trausti á störf stjórnar Vísindasjóðs og tel að verk ykkar beri vott um þá ábyrgðarkennd sem í ykkar störfum sjást. Ég vil einnig að fram komi að ég kom ekki að því að heimila það að gengið yrði á Vísindasjóð í einhverjum félagslegum tilgangi og hef hingað til frekar rætt leiðir til þess að allir félagsmenn fái sinn réttmæta hlut úr honum.

Ég hvet þennan aukaaðalfund til þess að leiða þetta mál til farsælla lykta þannig að stjórn sjóðsins fái starfsfrið fyrir ágangi félagsins. Einnig að það verði upplýst um það hvernig farið hefur verið með fjármuni sjóðsins.

Magnús Porkelsson,
fyrirverandi formaður og stjórnarmaður
Vísindasjóðs FS/FF

Fylgiskjal 8

Þær tillögur sem fundarfólki líkað best voru flokkaðar undir 6 yfirheiti. Fjöldi plúsa í sviga.

1) TRAUST

Traust - samvinna. Ekki of mikla tortryggni við félagsmenn (++++)

Traust til félagsmanna (+)

Minnka forsjárhyggju (++)

2) RÝMKUN HEIMILDA

Stytttri námskeið og ráðstefnur styrkhæft úr B-sjóði (+++)

Tölvukaup (Herjum á skattinn) - sérhagsmunir kennara (++)

Meira svigrúm hvernig 500.000 kr. styrkur úr B-sjóði sé nýttur í tíma á hverju 4 ára tímabili (+)

Rýmkun heimilda - færa til nútíma (+)

3) EINFALDA UMSÓKNARFERLI

Einfalda kerfið - A+B = einn sjóður, innanl. + erl. = einn sjóður (+++)

Einfalda umsóknarferli og úthlutanir => t.d. að hver og einn félagsmaður fái sinn hluta úr A-deildinni án þess að viðkomandi þurfa að sækja um, geri bara sjálfur grein fyrir útgjöldum hjá skattinum. (+)

4) KLÁRA MÁLIN - SÆTTIR

Friður (++)

Ná sáttum á milli stjórnar FF og stjórnar Vísindasjóðs (++)

5) UPPLÝSINGAFLÆÐI

Koma með lista yfir styrkhæf verkefni/námskeið og þau sem styrkt hafa verið (++)

Halda öflugri vefsíðu og bæta stöðugt aðgengi að upplýsingum um sjóðinn og hvern sjóðsfélaga (+)

6) GAGNSÆI

Gegnsætt bókhald. Þjónustusamning við KÍ (+)

Standa vörð um hagsmuni sjóðsins og hámarki þannig þá styrki sem fara til félagsmanna (+)

Það sé tryggt að fé sjóðsins renni til félagsmanna (en ekki að stórum hluta í umsýslu) (+)

Aðrar tillögur fengu enga plúsa. Sumar eru um sama efni og þær hér að ofan.

Halda óbreyttu fyrirkomulagi með A- og B-deild

Leggja sjóðinn niður. Beingr. til félagsmanna.

Skýrar úthlutunarreglur og skilvirk afgreiðsla.

Skoða möguleika á fjölgun styrkflokka.

Kynning á starfsemi sjóðsins til félagsmanna með opnum fundum eða heimsóknum til einstakra félagsdeilda.

Tryggja gott aðgengi.

Styrkja nám á öllum háskólastigum.

Gagnsætt bókhald.

Siðareglur starfsmanna.

Gott upplýsingaflæði.

Bæta aðgengi og þjónustu við félagsmenn.

Starfsemi verði í KÍ-húsinu (prókúra hjá stjórn sjóðsins)